



ÍÞRÓTTIR

RITSTJÓRI: FRÍMANN HELGASON

ÞANKAR UM KNATTSPYRNUMÁL II.

Á þriðjudaginn var rakið stuttlega hvernig fyrirkomulag mótanna eyðileggur að miklu leyti æfingar í öllum flokkum. Með fjölgun félaga og fjölgun sveita í öllum aldursflokkum sem vinna verður að með alvöru verða þetta stöðugt fleiri og fleiri leikir. Til þess að sjá um þessa leiki eru skipaðar nefndir, yfirnefnd og undirnefnd og sér sú síðari um yngri flokkana. Starf þessara nefnda er mikið, og oft vanþakklátt. Hvern leikdag, sem eru e.t.v. flesta daga vikunnar verða þessir áhugasömu menn að mæta. Er hægt að misbjóða svo áhuga þessara manna eins og gert er? Er nokkurt vit í að „brenna út“ starfsvilja þessara ágætu manna, með þessu fyrirkomulagi? Ef þessu heldur áfram með vaxandi leikjafjölda eigum við það á hættu, og þó eru þessir menn meira virði en nokkrir meistarflokksmenn sem ekki taka að sér annað en að æfa og keppa; með öðrum orðum — leika sér. Knattspyrnufélögin og raunar öll íþróttahreyfingin stynur undan starfsmannaleysi, sem að sumu leyti er eðlilegt eins og allt er í pottinn búið. Hvers vegna ekki að koma þessu yfir á fleiri herðar og dreifa þar með starfinu? Til þess verður auðvitað að hverfa frá gömlum venjum og taka upp nýjar, þar sem fyrst og fremst er haft í huga uppbygging knattspyrnu-

unnar en ekki augnabliks sigurveur einstakra félaga.

Lausnin á þessu er sú a.m.k. hvað snertir Reykjavíkurmótin, að þau fari öll fram sama dag, t. d. laugardaga, og leikjum dreift niður á þá velli sem til eru, og nú eru orðnir það margir að það ætti að nægja.

Hvað vinnst við þetta?

Í fyrsta lagi að mestur hluti vikunnar nýtist til æfinga ótruflað af stöðugum leikjum og keppendum hafa ekki afsökun fyrir fjarveru, eins og nú má stöðugt heyra. Í öðru lagi verða fleiri að koma til starfs og sjá um framkvæmd leikjanna. Nú yrði það einu sinni í viku í stað þess að fáir menn verða að eyða sínum dýrmæta tíma næstum á hverju kvöldi eins og nú er. Eins og fyrr segir er oss það nauðsyn að fá fleiri menn í starf. Í þriðja lagi er margfalt hægara að undirbúa leikina þar sem undirbúnings-tíminn er vika. Nú er það ef til vill 2 dagar eða einn, eða jafn-

vel að kappliðar vita það samdægurs, að þeir eigi að keppa að kvöldi.

Í fjórða lagi yrði mun auðveldara fyrir dómarafélagið að starfa ef það vissi um leikina fyrirfram, en með núverandi fyrirkomulagi er því gert mjög erfitt fyrir með því að oft er á síðustu stundu í þá kallað.

Sem sagt, ef horfið yrði frá núgildandi fyrirkomulagi hlýti allt það starf sem kringum kappleiki er að verða skipulegra, dreifðara á fleiri herðar, sem nauðsynlegt er. Því má líka bæta við, að dýrri þjálfarar nýtast betur ef æfingartíminn er notaður með þeim en hann ekki látinn ruglast af kappleikjum í tíma og ótíma. Ber vissulega í það að horfa að það fé notist sem í þá er lagt til þess eru þeir fengnir.

Andmælendur þessarar tilbreytni, sem hingað til hafa verið meirihluti ráðandi knattspyrnumanna í Reykjavík hafa ýmislegt við það að athuga, sem verður tekið til athugunar næst.

Meistaramót Árnassýslu

Valur vann III. fl. mótið

S. I. þriðjudagskvöld lauk haustmóti III. fl. með leik milli KR og Vals. Lauk þeim leik með sigri Vals 4:1. Í hálfleik stóðu leikar 1:0 fyrir KR. — Flokkur Vals er mjög sterkur að þessu sinni og hefur hann ekki tapað neinum leik í sum- ar og unnið marga með miklum yfirburðum.

Þróttur vann fyrsta mót sitt

Á miðvikudagskvöldið var vann knattspyrnufélagið Þróttur í fyrsta sinn mót. Var það fjórði flokkur og kepptu þeir þá við Val og unnu 3:2. S.I. mánudag höfðu þessi félög áður keppt en þau skildu jöfn 1:1. Eru báðir þessir flokkar góðir af 4. fl. að vera og mjög jafnir. Er þetta vel af stað farið hjá Þrótti að hafa eftir rúmlega tveggja ára starf sigrað hin gömlu stóru félög og lofar það góðu um framtíð félagsins að það skyldu vera yngsta kynslóðin sem færir fyrsta sigurinn heim. Er ástæða til að óska Þrótti til hamingju með þennan sigur sinn.

Um fyrri helgi fór fram á Selfossi Meistaramót Árnassýslu í frjálsu íþróttum. — Báða kneppisdagana var rigning og rok og varð árangur því ekki eins góður og efni stóðu til.

Mót þetta er aðeins fyrir Árnassýslu en virðist fljótt á titið eðlilegt að Skarphéðinssambandi hefði sitt meistaramót fyrir öll sín félög.

Kaupfélagsbikarinn, sem nú var keppt um í fyrsta sinn, vann hinn gamli góði kúluvarpari, Sigfús Sigurðsson, fyrir beztan árangur mótsins, varpaði kúlu 13,52 m. Kolbeinn Kristinsson var næstur fyrir stangarstökk sitt 3,60. — Á mótinu kepptu nokkrir gestir úr Rvík og verður nafna þeirra og árangra getið í afrekaskrá þeirri er hér fer á eftir.

100 m hlaup
1. Einar Frimannss. Self. 11,5
2. Emil Gunnlaugss. H 11,8
Gestir:
Hörður Haraldsson Á 11,1
Grétar Hinriksson Á 11,4

200 m
Einar Frimannsson Self. 25,2
Emil Gunnlaugsson H 25,3

400 m
Magnús Gunnlaugsson H 57,5
Þór Vigfússon Self. 58,6

1500 m
Eiríkur Þorgeirsson H 4.42,7
Hergeir Kristgeirsson S 4.46,7

5000 m
Eiríkur Þorgeirsson H 18.11,8
Brynjólfur Ámundas. V 18.30,8
Gestur:
Stefán Gunnarsson Á 18.06,0

Stangarstökk
Kolbeinn Kristinss. Self. 3,60
Jóhannes Sigmundsson H 3,50
Gestur:
Bjarni Linnet Á 3,20

Langstökk
Arni Guðmundsson S 6,22
Magnús Gunnlaugsson H 6,04

Hástökk
Gísli Guðmundsson V 1,75,0
Magnús Gunnlaugsson H 1,70,0

Þristökk
Jóhannes Guðmundss. S 12,87
Sveinn Sveinsson Self. 12,68

Spjótkast
Þórhallur Ólafsson Ö 45,40
Helgi Danielsson Self. 41,95

Kringlukast
Sveinn Sveinsson Self 37,29
Rúnar Guðmundsson V 36,16

Kúluvarp
Sigfús Sigurðsson Self. 13,52
Rúnar Guðmundsson V 12,38

Gestir:
Þorsteinn Löve ÍR 12,93
Ástvaldur Jónsson Á 12,84

4x100 m
A-sveit Selfoss 48,4
B-sveit Hrunamanna 51,3
B-sveit Selfoss 51,5
Gestir:
Sveit frá Ármanni 47,9

KEPPNI KVENNANNA

80 m hlaup
Sigurbjörg Helgadóttir St. 10,9
Herdís Árnadóttir H 11,2

4x80 m
A-sveit Hrunamanna 47,1
A-sveit Selfoss 48,8
B-sveit Selfoss 54,2

Starfsemi Handiðaskólans

Hér fer á eftir niðurlag upp- lýsinga þeirra er skólastjóri Handiðaskólans, Lúdvíg Guðmundsson hefur látið blaðinu í tó:

Kvöldnámskeið í 20 námsgreinum

Á síðdegis- og kvöldnámskeiðum skólans, sem flest eru ætluð fólki, sem hefur annað starf að deginum til, verða nú kenndar rúmlega tuttugu námsgreinar, m. a. teiknun, listmálun, svartlist, tækniteiknun fyrir iðnaðarmenn, drifsmíði fyrir silfur- og gullsmíði, bókbönd fyrir almenning og bókbindara. Útskurður, listföndur. Sérstakir námsflokkar verða fyrir börn í teiknun, föndri og útskurði. Í-vetur verður kennd leðurvinna, hanzkagerð og vefnaður.

Vaxandi áhugi almennings fyrir myndlist

Á undangengnum árum hefur orðið vart vaxandi áhuga almennings á myndlistum og hefur skólinn flest árin haldið uppi listfræðslu fyrir almenning. Nú er í ráði að koma fastara skipulagi á fræðslu þessa og stofna sérstakan námsflokk í listasögu. Fyrirhugað er að kennsla fari fram eitt kvöld í viku. Kennst verður í fyrirlestrum og með skuggamyndum. Í fræðslunni verður stuðst við listasögu, sem út kemur á íslenskku nú á næstunni. Kennari verður Björn Th. Björnsson listfræðingur.

Vefnaður — Listföndur

Vefnaður hefur ekki áður verið kenndur í skólanum. Kennari í vefnaði er ráðinn þýzkur vefnaðarkennari, Fr. Falkner. Í stað vefstóla verða notaðir vefjarrámmar af nýrri þýzkri gerð. Er nú unnið að smíði þeirra hér. — Unnur Briem kennari mun kenna nýja grein, listföndur. Má vera að nokkur dráttur verði á því að kennsla í listföndri geti byrjað, þar eð tafsamara hefur reynst að fá erlendis frá sumt af efni því og tækjum, sem til kennslunnar þarf.

Nýjar kennslugreinar

Meðal annara nýrra kennslugreina mætti nefna auglýsingaskrift og bókletun (blockskrift; t. d. við letrun ávarpa á pergament o. þ. h.)

Eins og s.l. vetur er í ráði að efna einnig nú til námskeiða í listbókbandi fyrir bókbindara og aðra, sem langt eru komnir í bókbandi. Listbókbindarinn Siegfried Büge kennir.

Af öðrum kennurum skólans má nefna frú Ásgerði Ester listmálara, sem kennir teiknun, Svein Jóh. Kjarval kennir tækniteiknun, ungfrú Ragnhildur Ólafsdóttir teiknari kennir leðurvinnu.

Þessa dagana er af kappi

Langstökk
Arndís Sigurðardóttir H 4,47
Nína Sveinsdóttir Self. 4,30

Hástökk
Arndís Sigurðardóttir H 1,30
Nína Sveinsdóttir Self. 1,25

Þessi félög tóku þátt í mótinu: UMF Selfoss (Self.), er sá um mótið, UMF Hrunamanna (H), UMF Vaka (V), UMF Samhyggð (S), UMF Baldur, UMF Gnúpverja, UMF Ölvushrepps (Ö), UMF Stokks-eyrar (St.)

unnið að því að undirbúa kennsluna í vetur. Er meðal annars unnið að lagfæringum og breytingum á húsnæði skólans á Grundarstíg 2A.

Skortur á stærra og hentugra húsnæði hamlar mjög starfsemi skólans. En eins og nú horfir virðast möguleikar til úrbóta í því efni vera harla litlir.

Til að tryggja sem beztan árangur

Kostnaður við skólahald sem þetta hlýtur ætíð að vera allmikill. Verkfæri og önnur kennslutæki kosta mikið fé. Ef stefna skal að góðum árangri í kennslunni verður einnig mjög að takmarka tölu nemenda í hverjum námsflokki. Í bóknaðsskólum er það algengt að hafa 20—30 nemendur í hverjum bekk. Til þess að tryggja sem best góðan árangur af starfi skólans hefur Handiðaskólinn aðeins 7—8 nemendur í hverjum námsflokki flestra verklegu greinanna.

Nemendur í myndlistadeildinni og á námskeiðum skólans greiða kennslugjöld. En til þess að gera sem flestum kleift að stunda nám í þeim greinum, sem hugur þeirra stendur til, er þessum gjöldum haldið mjög lágum.

Vona að öllum þyki þá jafnsjálfsagt . . .

Skólinn nýtur nokkurs styrks frá ríki og bæ. En eins og verðlagi öllu er nú komið þyrfti sá styrkur að vera miklum mun hærri en nú er. Fjárhagur skólans er og hefur jafnan verið mjög þröngur, jafnvel svo þröngur, að oft hefur við borð legið, að ég yrði að loka skólanum og leggja þannig í rúst afköst margra ára starfs og strits. En þeir, sem muna stofnun skólans, starf hans, vöxt og viðtökur þær, sem hann hefur fengið hjá almenningi í landinu, en þó fyrst og fremst í Reykjavík, þeir sjá og skilja að þörfin á skólanum var brýn. Þeim er það líka ljóst, að skólinn hefur jafnan unnið markvíst að aukinni og bættri verkmenn og eft og glætt ást og skilning nemenda sinna á fögru handbragði og listum.

Skólinn var alger nýjung í fræðslumálum þjóðarinnar fyrir tólf árum. Nú mun flestum þykja hann vera sjálfsagður hlutur. Vona ég þá einnig, að öllum þyki það þá alveg jafn sjálfsagt að hlúa að honum og efla hann til aukins menningarstarfs.

Bannað að lána Íslendingum á ferðalagi

Þar sem að undanfögnu hafa verið brögð að því, að menn hafa farið utan án þess að hafa tryggt sér nægilegan gjaldeyri til ferðarinnar og leitað til sendiráða og ræðismannaskrifstofa Íslands erlendis um peningaaðstoð, vill ráðuneytið vekja athygli á því, að sendiráðum og ræðismannaskrifstofunum er óheimilt að lána fé, og hafa þeim verið gefin ströng fyrirmæli um að gera það ekki.

(Frá utanríkisráðuneytinu).